

Kross og Á, Skaröströnd,

Dalasyflu.

Reykjavík, 20. maí 1954

Sigurjón Rist

Kross og Á, Skarösströnd, Dalasýslu.

Hinn 17. maí 1954 athugaði ég virkjunarskilýrði við Krossá fyrir bæina Kross og Á.

Vatn.

Vatnasvið Krossár er 47 km<sup>2</sup>. Rennslið er venjulegast um og yfir 10 l/sek pr. km<sup>2</sup> þ.e.a.s. áin flytur 500 l/sek eða þaðan af meir. Rennsli árinna fer vart undir 300 l/sek, svo að ekki þarf mikið fall til þess að góð virkjun fáiist fyrir tvo bóndabæi.

Fall.

Virkjunaraðstaðan getur ekki talizt góð og vísast í því sambandi til rissmyndarinnar, sem fylgir hér með. Hagkvæmur staður fyrir stöðvarhús er hjá punkti nr. 1. Þar komi sogrör út í ána, en húsið yrði byggt á þann veg að gólf þess komi yfir hæsta vatnsborð árinna þar úti fyrir. Fallhæðin 5 til 6 metrar er nægileg til þess að fá 15 kw rafstöð. Þrýstivatnspípan þarf að koma yfir klöppina hjá punkti nr. 3.

Um tvo möguleika er að ræða.

- I. Byggja stíflu í ána á milli punkta 4 og 5. *Þessi möguleikinn*
- II. Sprengja fyrir pípulínu á milli punkta 6 og 9 og hafa inntakið hjá punkti nr. 9.

Sökum þess að áin var í miklum vexti, var ekki hægt að mæla nákvæmlega fyrir stíflunni, verð að gera það síðar. En ég tel þó rétt að gerð sé kostnaðaráætlun fyrir hinn möguleikann.


Vatnsdýpið hjá punkti nr. 9 var 60 cm, þegar mælingin fór fram, en er löngum um 20 cm, svo að sprengja þarf þróna niður til þess að vatnið náist þar allt, þegar áin er lítil.

Á teikningunni má sjá hve mikið þarf að sprengja fyrir þrýstivatnspípu, sem flytji á um 500 l/sek.

Inntaksþróin hjá nr. 9 yrði að vera mjög ramger, því að stríður straumur mæðir á henni í flóðum.

Á milli punkta 8 og 9 er klöpp í botni (eins og annars staðar á þessu svæði). Örlítill þröskuldur er milli 8 og 9 svo að vatnsdýpið við nr 9 fer ekki undir 15-20 cm.

Reykjavík, 20. maí 1954


A handwritten signature in dark ink, appearing to read "S. Þ. Rist". The signature is written in a cursive style with a long horizontal stroke extending to the left.

RAFORKUMALASTJÓRI  
 KRÖSSÁ, SKARBSSTRÖND  
 Virkjunarastata - RISSMYID

17/5 '54 S. Rist

B3 7/17 '53

Fnr. 2488



SIS 113 A 4

ESSELTE  
 4401